



## Sérreglur í 3. og 4. flokki

Skrifstofa HSÍ vill árétta að ekki gilda alltaf sömu reglur í yngri flokkum og meistaraflokkum, bæði vegna reglugerða HSÍ um handknattleiksmót og leikreglubreytinga 2016 og 2022. Sjá skýringarmynd og athugasemdir hér fyrir neðan:

	Mfl.	3. & 4. fl.
Leikleysa (4 sendingar)	✓	✓
Blátt spjald	✓	○
Án markvarðar	✓	✓
Þriggja sókna hvíld	✓	○
Frumkastssvæði	✓	✓*
Skot í andlit markv 2mín	✓	✓

\*Þar sem ekki er merkt frumkastssvæði skal spilað eftir sömu reglu og undanfarin ár, þ.e. stigið skal á miðlínu þegar upphafskast er tekið.

**Liðsleikhlé:** Í 3. og 4. flokki fá liðin eitt leikhlé í hvorum hálfleik

**Fjöldi á leikskýrslu:** Í 3. og 4. fl. eru að hámarki 14 leikmenn og 4 starfsmenn á skýrslu

Einnig rétt að benda á reglugerð HSÍ um handknattleiksmót:

### 25. grein – Keppni 4. flokks

Eftirfarandi leikreglum ber að fara eftir í mótum.

- Óheimilt er að taka úr umferð

Þar sem þessi grein virðist ekki vera túlkuð á sama hátt af öllum vill skrifstofa HSÍ taka eftirfarandi fram; „Að taka úr umferð“ telst þegar leikmaður getur ítrekað ekki fengið boltann í sóknarleik síns liðs. Liðum er þó heimilt að bregðast við sóknarleik andstæðinga sinna hverju sinni.

**Mikilvægt er að dómara í 3. og 4. flokki séu upplýstir um þetta fyrir þá leiki sem þeir dæma í vetur. Vinsamlegast komið þessu áleiðis til ykkar dómara og fylgið eftir.**

Nánari upplýsingar hjá [magnus@hsi.is](mailto:magnus@hsi.is)

Skrifstofa HSÍ.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

